



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2026

## STÆR1AA05

(Stærfræðigrunnur – almennar reikniaðgerðir)

|                   |                             |                      |
|-------------------|-----------------------------|----------------------|
| Kennari/kennarar: | <b>Sölvi Snær Jökulsson</b> | <b>solvis@fsu.is</b> |
|-------------------|-----------------------------|----------------------|

### Áfangalýsing:

Unnið verður með grunnþætti stærðfræðinnar og áhersla lögð á að efla skilning og þekkingu nemenda á undirstöðuatriðum. Farið verður yfir forgangsröð aðgerða, brotareikning, bókstafareikning (algebru) og jöfnureikning. Jafnframt verður lagður grunnur að vönduðum vinnubrögðum í stærðfræði.

**Undanfari:** Enginn

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- algengum reiknireglum og algebrubrotum

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- nota almennar reikniaðgerðir
- beita almennum reikniaðgerðum
- vinna með almenn brot
- beita grunnatriðum bókstafareiknings

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrá lausnir skipulega
- beita skipulegum aðferðum við lausnaleit
- klæða verkefni í stærðfræðilegan búning, leysa þau og túlka lausnirnar
- hagnýta stærðfræðilega þekkingu sína í daglegu lífi

### Námsefni:

- **Upp á punkt** – Höfundur: Kjartan Heiðberg og Gunnar Friðfinnsson.  
Útgefandi: Iðnú, 2023.
- Annað efni í samráði við kennara
- Vasareiknir og A4 vinnubók

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

| Vika    | Dagsetning    | Námsefni og viðfangsefni                                                                                                                               | Próf og verkefni    |
|---------|---------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------|
| 1- 4    | 6- 30. janúar | Kennsla hefst fim. 8. janúar.                                                                                                                          | Kaflapróf 1&2       |
| 5 - 8   | 2-27. febrúar | Miðannarmat lokaskil 20.febrúar.<br>Vorfrí 23. – 24. febrúar.<br>Starfsþróunardagur í FÁ<br>27.febrúar.                                                | Kaflapróf 3         |
| 9 - 12  | 1-27. mars.   | Áfangamessa 4. mars<br>Valdagur 11. mars<br>Kátir dagar og Flóafár 18-20.<br>mars.                                                                     | Kaflapróf 4         |
| 13 - 16 | 7.- 30. apríl |                                                                                                                                                        | Kaflapróf 5         |
| 17 - 19 | 4.- 24. maí   | Dimissjón 8. Maí<br>Síðasti kennsludagur mið. 13. maí.<br><br>Námsmatsdagar 15. - 19.maí<br><br>Sjúkrapróf 20. maí.<br><br>Brautskráning fös. 29. maí. | Upprifjun og skrap. |

### Sérreglur áfangans:

#### Fjarvera lengur en 10 mín. úr kennslustund jafngildir F.

Vetrareinkunn reiknast ávallt inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Notkun farsíma í prófum er með öllu óheimil og jafngildir svindli sem gefur einkunn 0 á prófi.

Nemanda ber að mæta ávallt með tilskilin kennslugögn í kennslustundir og virða vinnufrið annarra. Kennara er heimilt að vísa nemanda úr tíma og skrá fjarvist á hann ef hann brýtur þessar reglur.

**Notkun á fartölvum og snjallsímum er ekki leyfileg** í tímum nema með leyfi kennarans.

## Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

### Námsmat:

| Námsþáttur   | Lýsing á námsmati  | Vægi |
|--------------|--------------------|------|
| Annareinkunn | Lotupróf           | 80%  |
|              | Ástundun og virkni | 20%  |
| Lokaeinkunn  | Lokapróf           | 80%  |
|              | Annareinkunn       | 20%  |

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

### Skilyrði til að sleppa lokaprófi:

- Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum
- Vera virkur í kennslustundum
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

### Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Selfoss, 5. janúar 2026.

Sölvi Snær Jökulsson